

2334. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn mánudaginn 12. ágúst 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örylgsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Pálmi Haraldsson

Á Teams:

Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri
Axel Kári Vignisson lögfræðingur
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð

Þorvaldur Örylgsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu stjórnarfunda.
 - a. Lagðar fram fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda (fundir nr. 2332 og 2333). Fundargerðirnar hafa þegar verið undirritaðar rafrænt.
2. Fjármál - 6 mánaða uppgjör.
 - a. Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ fór yfir 6 mánaða uppgjör sambandsins. Reksturinn er á áætlun. Stjórnarmenn tóku til máls um nokkra liði sérstaklega, m.a. þátttökugjöld, rekstur Laugardalsvallar, kostnað við landslið og gengismál/gengisáhættu. *Ákveðið að fjárhagsnefnd skoði gengismál sérstaklega á næsta fundi.*
3. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Lögð fram fundargerð mótanefndar frá 8. ágúst þar sem fjallað var um beiðni Breiðabliks og Víkings um frestun leikja aftur fyrir síðustu umferð í fyrri hluta Bestu deildar karla (sjá nánar um mótamál hér neðar).
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson flutti fréttir af vettvangi ÍTF. Samtal við Genius Sports um nýjan samning gengur vel.
 - c. Heimir kom aðeins inn á nýlega (og árvissa) umræðu um Evrópuleiki og niðurröðun leikja í kringum þá. Nokkrir stjórnarmenn tóku til máls og allir voru sammála um að ekkert í þessu ætti að koma félögunum á óvart, enda var löngu ljóst hvaða skref yrðu tekin varðandi niðurröðun ef og þegar kæmi að umferðum í Evrópukeppnum - og mikilvægt að hafa í huga að KSÍ þarf að gæta hagsmuna allra félaganna í deildinni, ekki bara þeirra sem leika í Evrópukeppnum. Félögin og KSÍ þurfa að ræða þessi mál heildstætt, komast að niðurstöðu og finna sátt.
 - d. Livey útsendingar í Lengjudeildum hafa yfirhöfuð gengið vel, þrátt fyrir minniháttar tæknilega örðugleika. Þá sagði Heimir frá áhugaverðu tilraunaverkefni á Þróttarvelli þar sem sýnt var beint frá leikjum á miðlum Sýnar, með föstum og ómönnuðum myndavélum frá OZ, tilraun sem tókst afar vel. Þá kom Heimir aðeins inn á vinnu við nýtt markaðsefni fyrir Bestu deildirnar, efni fyrir samfélagsmiðla, og áhorfendatölur.

4. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu.
 - a. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir ýmis verkefni og viðburði sem hafa verið í deigluinni síðustu vikur og verkefni komandi vikna. Hæst ber auðvitað úrslitakeppni EM kvenna í Sviss. Þá kom Eysteinn aðeins inn á vinnu við vallarmál Laugardalsvallar og flóðljósamál sérstaklega. Árlegur fundur knattspyrnusambandanna á Norðurlöndunum er framundan og hefur verið í undirbúningi. Hefðbundin haustverkefni - mót félagsliða og landsliða - og undirbúningur þeirra hefur verið í fullum gangi.
5. Laugardalsvöllur - Staða mála á framkvæmdum
 - a. Þorvaldur formaður fór yfir stöðu mála í framkvæmdum við Laugardalsvöll. Flóðljósamálin hafa verið í vinnslu eins og kom fram í fyrri fundargerð og verður lokið fyrir heimaleik A landsliðs karla í september. Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun verksins, óvissuþætti og ýmis verkefni sem m.a. tengjast frágangi og viðhaldi. Framundan er fundur forsvarsmanna KSÍ með borgarstjóra um framhaldið.
6. Lög og reglugerðir
 - a. Axel Kári Vignisson lögfræðingur KSÍ fjallaði um stöðu mála varðandi byggingu skólaborps í Laugardalnum. Framkvæmdir á svæðinu eru í fullum gangi og enn sem stendur eru þær framkvæmdir innan þess svæðis sem er deiliskipulagt sem svæði fyrir leikskóla. Almennt eru einu samskiptin til KSÍ um verkið frá verktakanum sjálfum en ekki frá borginni. Þorvaldur formaður og Eysteinn framkvæmdastjóri eiga fund með borgarstjóra í vikunni og þá hefur einnig verið boðaður samráðsfundur hagaðila í Laugardalnum vegna þessa máls að frumkvæði ÍSÍ. Verið er að þrengja að íþróttasvæði í Laugardalnum og fulltrúar íþróttahreyfingarinnar almennt farnir að hafa áhyggjur m.a. þar sem lítið hefur einnig gerst í málum þjóðarhallar. Fulltrúar KSÍ á fundinum verða Axel lögfræðingur, Eysteinn framkvæmdastjóri og Þorvaldur formaður.
 - b. Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála við skipan og/eða vinnu nokkurra starfshópa. Skipa þarf í nokkra starfshópa sem kynnt verður nánar á næsta fundi. Þá liggur fyrir að bæta þarf við sitthvorum einstaklingnum í markaðsnefnd annars vegar og knattspyrnu- og þróunarnefnd hins vegar.
 - c. Stjórn samþykkti tillögur mannvirkjanefndar um vallarleyfi fyrir Hásteinsvöll í Vestmannaeyjum og fyrir Húsavíkuvöll en þar er framkvæmdum lokið við nýja velli. Rætt almennt um aðkomu stjórnar KSÍ að útgáfu og staðfestingu vallarleyfa.
7. Móta- og dómaramál.
 - a. Framundan eru úrslitaleikir Mjólkurbikarsins og bikarkeppni neðri deilda karla (Fótbolti.net bikarsins), og Evrópuleikir félagsliða, o.fl. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir ástæður þess að beiðni Breiðabliks og Víkings, sem áttu leiki í Evrópukeppnum, um frestun leikja aftur fyrir síðustu umferð í fyrri hluta Bestu deildar karla, var synjað. Bréf var sent út í apríl til félaga þar sem ítarlega var farið yfir hvernig þessi mál yrðu unnin ef þessar aðstæður kæmu upp, sem raungerðust, og félögin voru vel upplýst, auk þess sem umfangsmikið samráð er allajafna haft við ÍTF og félögin við undirbúning og niðurröðun móta.
 - b. Halldór Breiðfjörð fór yfir ýmislegt tengt dómaramálum. KSÍ er að manna gríðarlega mörg störf yfir sumartímann og á þessum tíma árs reynir sérstaklega á starfsfólk dómaramála hjá KSÍ - sem Halldór hrósaði sérstaklega - vegna fjölda leikja og einnig vegna áskorana við niðurröðun sem tengjast sumarfríum dómara.

8. Landsliðsmál - Málefni landsliða og næstu verkefni

- a. Þorvaldur Örlygsson formaður fór stuttlega yfir landsliðsmál og komandi verkefni. A landslið karla leikur tvo leiki í undankeppni HM 2026 í september – heima gegn Aserbaísjan og úti gegn Frakklandi. Sala mótsmiða sem gilda á alla heimaleiki liðsins í undankeppninni hefst í vikunni. U21 lið karla leikur heima gegn Færeyjum og úti gegn Eistlandi og einnig eru leikir framundan hjá yngri landsliðum karla og kvenna.
- b. A landslið kvenna leikur tvo leiki í október - umspilsleiki um sæti í A deild Þjóðadeildar UEFA. Stjórnarmenn ræddu málefni A landsliðs kvenna, stöðu þess og þróun sérstaklega, m.a. breytingar á núverandi þjálfarateymi. Margir stjórnarmenn tóku til máls og ræddu ýmislegt tengt þátttöku og frammistöðu íslenska liðsins á EM í Sviss, og framtíð og þróun kvennaknattspyrnu á Íslandi.

9. Önnur mál.

- a. Eysteinn framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá og ýmis hagnýt atriði tengd ráðstefnu knattspyrnusambanda Norðurlandanna, sem fer fram á Hilton Nordica hótelinu dagana 15. og 16. ágúst. Á ráðstefnunni eru jafnan rædd sameiginleg hagsmuna- og stefnumál sambandanna, alþjóðleg knattspyrnumálefni og önnur mál sem tengjast knattspyrnunni með einum eða öðrum hætti – þróun knattspyrnunnar, grasrótarmál, afreksmál, aðstöðumál og margt fleira. Ráðstefnuna sitja fulltrúar allra Norðurlandanna – formenn og framkvæmdastjórar, en einnig stjórnarmenn og lykilstarfsmenn sambandanna, alls um 80 manns – sem m.a. kynna þætti úr starfseminni í hverju landi og deila reynslu og þekkingu. Ráðstefnan er sem fyrr segir árleg, færist á milli landanna ára frá ári, og nú er röðin komin að Íslandi.

Fundi slitið kl. 18:40.

Fundarritari: Ómar Smárason

Næstu fundir boðaðir 18. september, 16. október, 20. nóvember, 18. desember.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson